

RÍKISENDURSKOÐUN

Umboðsmaður skuldara

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

September 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur embættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.


Ársreikningur Umboðsmanns skuldara hefur ekki verið skoðaður undanfarin ár.

Efnisyfirlit


Inngangur	2
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021	4
2 Ábendingar og athugasemdir	5
3 Áhættumat og mikilvægi	6
4 Fjárveiting og rekstur	7
4.1 Fjárveitingar	7
4.2 Rekstraráætlun	7
4.3 Niðurstöður	7
5 Innra eftirlit	8
5.1 Inngangur	8
5.2 Umfjöllun	8
5.3 Niðurstöður/ábendingar	8
6 Fylgni við lög og reglur	9
6.1 Inngangur	9
6.2 Umfjöllun	9
6.3 Niðurstöður	9
7 Endurskoðun rekstrarliða	10

7.1 Rekstrartekjur	10
7.2 Rekstrarkostnaður	10
7.3 Niðurstöður	10
8 Endurskoðun efnahagsliða	11
8.1 Efnahagsreikningur	11
8.2 Eignir	11
8.3 Eigið fé og skuldir	11
8.4 Niðurstöður/ábendingar	12
9 Önnur atriði	13
9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf	13
9.2 Óhæðisyfirlýsing	13

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



Eigið fé í lok árs í m.kr.



2 Ábendingar og athugasemdir

Endurskoðun Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2021 er lokið. Gerð er athugasemd við færslu áfallinna skuldbindinga vegna fjárhagsaðstoðar í gjaldþrotaskiptum. Mælt er til þess að skuldbindingarnar verði rétt uppfærðar í fjárhagsbókhaldi embættisins og nánari reglur um gildistíma slíkra skuldbindinga verði settar.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Umboðsmanns skuldara eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Umboðsmanni skuldara sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 5,5 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan

lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

4 Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar

4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Umboðsmanns skuldara vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 267,4 m.kr. Þar var ekki gert ráð fyrir neinum rekstrartekjum. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 735 þús. kr. Endanlegt framlag úr ríkissjóði til embættisins nam því 268,1 m.kr.

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	0	0	0	-8.000
Launagjöld	188.000	201.082	-13.082	202.566
Önnur rekstrargjöld	54.900	63.539	-8.639	71.488
Afskriftir	735	735	0	2.215
Aðrar tilfærslur	24.500	10.000	14.500	10.824
Samtals	268.135	275.356	-7.221	279.093

Afkoma ársins hjá Umboðsmanni skuldara var neikvæð um 7,2 m.kr. sem einkum skýrist af því að launagjöld voru hærri en áætlun. Rekstrarniðurstaða ársins var 3,4 m.kr. lægri en á fyrra ári.

Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Umboðsmaður skuldara fékk 1 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021. Eignakaup embættisins námu 735 þús.kr. á árinu 2021. Staða fjárfestingarframlags var jákvæð um 1,4 m.kr. í upphafi árs en að teknu tilliti til eignkaupa var staða fjárfestingarframlags í árslok 2021 jákvæð um 1,6 m.kr.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra.

4.3 Niðurstaða

Á árinu var 7,2 m.kr. rekstrarhalli hjá embætti Umboðsmanns skuldara. Uppsafnaður höfuðstóll var jákvæður um 1,1 m.kr. í lok árs 2021 og staða fjárfestingarframlags var jákvæð um 1,6 m.kr. í árslok 2021. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá embættinu. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti embættisins voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir embættið.

Umboðsmaður skuldara er í bókhalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Embættið er með einn bankareikning og er hann stemmdur af einu sinni í mánuði. Hann er eingöngu notaður til að greiða tryggingar fyrir skiptakostnað.

Innkaupastefna og innkaupareglur eru til hjá embættinu. Ekki eru skráðar verklagsreglur um launvinnslu en skipulegu verklagi er fylgt og viðvera starfsmanna er skráð í Vinnustund. Fjármálastjóri yfirfer launaseðla hvers mánaðar, hún sér um samskipti við Fjársýslu ríkisins og sendir bunka til launakerfis.

Allir reikningar eru samþykktir af fjármálastjóra og reikningar vegna ákveðinna verkefna eru fyrst staðfestir af starfsmanni sem sér hefur umsjón með verkinu. Reglulega er farið yfir rekstraráætlun og rauntölur bornar saman við hana.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ýmsir eftirlitsþættir eru til staðar í starfsemi Umboðsmanni skuldara sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál embættisins. Ekki eru gerðar athugasemdir varðandi innra eftirlit embættisins.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi þætti voru skoðaðir sérstaklega.

6.2 Umfjöllun

6.2.1 Ferðakostnaður og Risna

Enginn ferðakostnaður var hjá embættinu á árinu og ekki var um neinn risnu kostnað að ræða.

6.2.2 Opinber innkaup

Embættið er með formlega innkaupastefnu og reglur sem gilda fyrir öll innkaup vegna fjárfestinga eða kaupa á hverskyns vörum og þjónustu.

6.2.3 Innkaupakort

Tvö innkaupakort eru í notkun hjá embættinu og eru þau nýtt til innkaupa á smávöru til rekstrar og vörum fyrir kaffistofu.

6.2.4 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi stofnunar við ríkissjóð.

6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að embætti Umboðsmanns skuldara fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Umboðsmanns skuldara árið 2021 námu 268,1 m.kr. samanborið við 283,3 m.kr. árið áður og höfðu lækkað um 15,2 m.kr. á milli ára. Rekstrartekjur skiptast þannig að fjárveiting nam 267,4 m.kr. og tekjufærsla frestaðra tekna nam 735 þús.kr.

Endurskoðun rekstrartekna er án athugasemda.

7.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld embættisins árið 2021 námu 275,4 m.kr. samanborið við 287,1 m.kr árið áður sem er lækkun um 11,7 m.kr. á milli ára.

7.2.1 Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 201,1 m.kr. á árinu 2021 en voru 202,6 m.kr. árið áður eða lækkun um 1,5 m.kr. Ársverk hjá embættinu fyrir árið 2021 voru 14,59 en voru 15,51 árið 2020 og hafði launakostnaður á ársverk hækkað um 5,5% milli ára. Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum, fyrirspurnum og skoðun á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum og er án athugasemda.

7.2.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrararkostnaður nam 63,5 m.kr. árið 2021 en var 71,5 m.kr. árið áður sem er lækkun um 8 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru rekstrarvörur 3,7 m.kr., aðkeypt þjónusta 25,3 m.kr. en þar af voru 22,8 m.kr. sérfræðikostnaður og þá námu leigugjöld, afnotagjöld og verkkaup 34,6 m.kr.

Lækkun annars rekstrarkostnaðar skýrist aðallega af lækkun afnotagjalda um 7,6 m.kr. milli ára, þar sem Umboðsmaður skuldara vann í að fá þjónustu vegna upplýsingaöflunar gjaldfrjálsa eins og tilgreint er í lögum sem embættið vinnur eftir.

Afskriftir námu 735 þús. kr. á árinu 2021.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

7.3 Niðurstöður

Endurskoðun rekstrarliða embættisins er án athugasemda.

8 Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 námu eignir 45,9 m.kr., skuldir námu 44,7 m.kr. og höfuðstóll var 1,1 m.kr.

8.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

8.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 1,9 m.kr. í árslok 2021 og voru nánast óbreyttir frá fyrra ári. Fastafjármunir samanstanda að mestu af húsgögnum, skrifstofubúnaði og tölvubúnaði. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrá kerfi Orra (FA) í árslok 2021.

8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2021 námu 44 m.kr. samanborið við 56,7 m.kr. í árslok 2020 sem er lækkun um 12,7 m.kr. Veltufjármunir samanstanda af kröfum vegna tengdra aðila 42,4 m.kr., viðskiptakröfum 314 þús.kr. og handbæru fé 1,2 m.kr.

Inneign hjá ríkissjóði nam 19,6 m.kr. í árslok 2021. Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2021 nam 22,9 m.kr. Krafan var færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins í tengslum við samþykkt laga um opinber fjármál.

Handbært fé í árslok 2021 nam 1,2 m.kr. og var nánast jafnt og í árslok 2020. Handbært fé er innistæða á einum bankareikningi sem eingöngu er notaður fyrir tryggingar fyrir skiptakostnaði. Staða á bankareikningi samkvæmt bókhaldi í árslok bar saman við yfirlit frá banka í árslok 2021.

8.3 Eigið fé og skuldir

8.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Umboðsmanns skuldara var 1,1 m.kr. í árslok 2021 en var 8,4 m.kr. í árslok 2020. Lækkun á höfuðstól var 7,2 m.kr. eða sem nemur tekjuhalla ársins 2021.

8.3.2 Skuldir

Skuldir námu 44,7 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 50,2 m.kr. í árslok 2020 eða lækkun um 5,4 m.kr. milli ára.

Skuldir samanstanda af stöðu við tengda aðila 17,9 m.kr. sem eru ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs, viðskiptaskuldir 4,5 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 18,8 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda 3,5 m.kr.

Við endurskoðun á skuldum við tengda aðila kom í ljós að 16 m.kr. skuldbinding er færð í árslok 2021 vegna yfirlýsinga um veitingu fjárhagsaðstoðar til skuldara samkvæmt lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Um er að ræða yfirlýsingu Umboðsmanns skuldara til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta einstaklinga sem leitað hafa til embættisins og fengið slíka aðstoð samþykkt þar en ekki enn óskað eftir gjaldþrotaskiptum hjá dómstólum. Yfirlýsing Umboðsmanns skuldara er án

lokadagsetningar og því hefur verið litið á yfirlýsingu embættisins um greiðslu tryggingar sem áfallna skuldbindingu í fjárhagsbókhalda embættisins.

Um hver áramót eru samþykktar beiðnir yfirfarnar og skuldbinding vegna þeirra uppfærðar þannig að hún er metin 80% af heildarupphæð skuldbindinganna fyrir þá sem búið er að samþykkja en hafa ekki skilað sér til dómstóla. Um er að ræða skuldbindingar allt frá árinu 2014 þegar að lögin um fjárhagsaðstoð voru sett.

Við skoðun áfallinna skulda í árslok 2021 kom í ljós að skuldbinding vegna yfirlýsinga um fjárhagsaðstoð embættisins var ekki uppfærð í árslok 2021 eins og gert hefur verið áður, Miðað við fjölda skuldbindinga í árslok 2021 samkvæmt skrá embættisins þá hefði staðan á tegund 2216 átt að hækka um 1 m.kr. í árslok 2021 og er því beint til embættisins að gæta að því að áfallin skuldbinding sé rétt færð miðað við skrá embættisins

Ríkisendurskoðun mælist til að settar verði hversu lengi er eðlilegt að skuldbinding embættisins um fjárhagsaðstoð eigi að gilda en við skoðun kom í ljós að töluverður hluti skuldbindinga vegna fjárhagsaðstoðar er orðinn nokkuð gamall eða allt frá árinu 2014.

Engin munur var á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2021. Viðskiptaskuldir voru allar uppgærðar í ársbyrjun 2022.

Ýmsar skammtímaskuldir námu 18,8 m.kr. í árslok 2021 og er þar um að ræða orlofsskuldbindingu.

8.4 Niðurstöður/ábendingar

Gerð er athugasemd við færslu áfallinnar skuldbindingar vegna yfirlýsingar um fjárhagsaðstoð í árslok 2021 en um er að ræða skuldbindingar allt frá árinu 2014. Ríkisendurskoðun mælist til að skuldbindingin sé rétt uppfærð og að nánari reglur um gildistímann verði settar.

9 Önnur atriði

9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstöðumaður undirritaði ársreikning Umboðsmanns skuldara þann 31.maí 2022. Jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Umboðsmanni skuldara.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is